



Garðabær
B.t. Bæjarráðs
Ráðhús Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabær

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	30.01.20
Málalýkill	11.0
Mál nr.	1902106

Reykjavík, 28. janúar 2020
UST202001-135/I.M.B.
09.03

Efni: Tillaga að uppfærðum friðlýsingaskilmálum og breyttum mörkum fólkvangins Hliðs í Garðabæ á grundvelli náttúruverndarlaga

Samráðshópur, skipaður fulltrúum frá Garðabæ, Umhverfisstofnun, umhverfis- og auðlindaráðuneyti og Minjastofnun Íslands, hefur undanfarið unnið að uppfærslu friðlýsingaskilmála fyrir fólkvanginn Hlið og breytingu á mörkum hans á grundvelli náttúruverndarlaga. Samkvæmt 39. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd annast Umhverfisstofnun undirbúning friðlýsingar. Skv. 2. mgr. fyrrnefndrar greinar skal Umhverfisstofnun gera drög að friðlýsingarskilmálum og leggja fyrir landeigendur og aðra réttihafa lands, viðkomandi sveitarfélög og aðra sem hagsmuna eiga að gæta. Frestur til að gera athugasemdir við fyrirhugaða friðlýsingu skal vera þrjú mánuðir og skal stofnunin í kjölfarið vísa málinu til ráðherra með tillögum að friðlýsingarskilmálum og gera grein fyrir því hvort að náðst hafi samkomulag um friðlýsinguna við hlutaðeigandi aðila.

Sú tillaga að friðlýsingarskilmálum sem Umhverfisstofnun kynnir nú byggir á því samtali sem hefur átt sér stað á vettvangi samráðshóps. Er tillögu að friðlýsingarskilmálum að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar www.ust.is.


Kynning á tillögu að friðlýsingu

Umhverfisstofnun leggur hér með fram tillögu að friðlýsingaskilmálum fyrir fólkvanginn Hlið í Garðabæ ásamt tillögu að breyttum mörkum svæðisins. Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna er til og með 30. apríl 2020. Athugasemdum má skila með tölvupósti á netfangið ust@ust.is eða senda með pósti til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík. Umhverfisstofnun vekur athygli á því að innsendar athugasemdir eru hluti af stjórnáslumáli og kunna að verða afhentar þriðja aðila sé óskað eftir í samræmi við upplýsingalög nr. 140/2012.

Frekari upplýsingar veita Ingibjörg M. Bjarnadóttir (ingibjorgb@ust.is) og René Biasone (rene@ust.is) með tölvupósti eða í síma 591-2000.

Virðingarfyllst


Ingibjörg/Marta Bjarnadóttir
Sérfræðingur


René Biasone
Sérfræðingur

AUGLÝSING

um friðlýsingu Hliðs í Garðbæ

1. gr.

Um friðlýsinguna

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur, í samræmi við VII. kafla laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, ákveðið að tillögu Garðabæjar og að fengnu álitum Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands að endurskoða friðlýsingu fólkvangsins Hliðs á Álftanesi. Með þessari auglýsingu fellur úr gildi auglýsing nr. 549/2002.

Hlið er flatlent graslendi sem liggur vestast á Álftanesi. Innan svæðisins eru margæs, æðarfugl, rauðbrystingur, sendlingur og tildra sem eru ábyrgðartegundir á Íslandi og eru þær skráðar á viðauka II og II við Bernarsamninginn. Á svæðinu er fuglalíf fjölskrúðugt árið um kring og eru þar mikilvægir viðkomustaðir fargesta. Svæðið er hluti af fuglasvæðinu Álftanes-Skerjafjörður sem er á lista yfir alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði. Á svæðinu er einnig auðugt botndýralíf á grunnsvæði og lífríkar þangfjörur. Jafnframt eru friðlýstar menningarminjar (Skjónaleiði) innan fólkvangsins.

Við ákvörðun um friðlýsingu var m.a. höfð hliðsjón af samningnum um vernd villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979, sbr. Stjórnartíðindi C 17/1993) og samningnum um líffræðilega fjölbreytni (Rio de Janeiro 1992, sbr. Stjórnartíðindi C 3/1995).

Hið friðlýsta svæði er 41 ha að stærð.

2. gr.

Markmið friðlýsingarinnar

Markmið friðlýsingarinnar er að tryggja landsvæði til útivistar og almenningsnota og að vernda fuglalíf, búsvæði fugla og líffræðilega fjölbreytni svæðisins. Miðar verndunin að því að auðvelda almenningi aðgang að náttúrunni, svæðis til útivistar og náttúruskoðunar og til fræðslu. Fjaran og aðliggjandi sjávarsvæði eru áhugaverð til náttúruskoðunar svo sem fugla- og fjöruskoðunar. Aðgengi að svæðinu er gott og er það hluti af lífríku svæði og því ákjósanlegt til útikennslu.

3. gr.

Mörk fólkvangsins

Friðlýsingin nær til landsvæðisins og hafsvæðisins umhverfis það, hafbotns, lífríkis og vatnsbols. Mörk svæðisins eru sýnd á meðfylgjandi korti og afmarkast af þeim hnitum sem gefin eru upp í ISN93 hnitakerfi í viðauka I.

4. gr.

Umsjón með fólkvanginum

Garðabær ber kostnað af stofnun og rekstri fólkvangsins sbr. 83. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun hefur yfirumsjón með náttúruverndarsvæðum og ber ábyrgð á eftirliti sbr. 79. gr. sömu laga.

5. gr.

Stjórnunar- og verndaráætlun

Umhverfisstofnun ber ábyrgð á að gerð sé stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlýsta svæðið í samræmi við 81. gr. laga nr. 60/2013. Í stjórnunar- og verndaráætlun skal m.a. fjalla um landnýtingu, mannvirkjagerð, starfsemi, landvörslu, vöktun, verndun, uppbyggingu, fræðslu og miðlun upplýsinga, verndaraðgerðir, aðgengi og umferð gesta, þ. á m. aðgengi fatlaðs fólks.

Stjórnunar- og verndaráætlun skal gerð í samvinnu við Garðabæ, landeiganda, Náttúrufræðistofnun Íslands, Minjastofnun Íslands, Hafrannsóknarstofnun Íslands og eftir

atvikum aðrar fagstofnanir og hagsmunaaðila. Stjórnunar- og verndaráætlun er háð staðfestingu ráðherra.

6. gr.

Rannsóknir og vöktun

Náttúrufræðistofnun Íslands ber ábyrgð á vöktun á verndarsvæðinu sbr. 74. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Vöktunaráætlun skal vera unnin í samráði við Umhverfisstofnun og vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar. Aðrar rannsóknir en Náttúrufræðistofnunar Íslands og Minjastofnunar Íslands sem kunna að hafa í för með sér jarðrask eða truflun dýralífs eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar.

7. gr.

Fræðsla

Garðabær, í samstarfi við Umhverfisstofnun, hefur frumkvæði að fræðslu um fólkvanginn. Skal í fræðslufni upplýst um þær umgengisreglur sem gilda í fólkvanginum, sérstöðu hans og fleira. Nánar skal kveðið á um fræðslu í stjórnunar- og verndaráætlun.

8. gr.

Verndun gróðurfars, dýralífs og jarðmyndana

Óheimilt er að spilla gróðri eða trufla dýralíf innan fólkvangsins. Viðhalda skal náttúrulegu gróðurfari og þess gætt að raska ekki líffræðilegri fjölbreytni svæðisins.

Óheimilt er að sleppa eða dreifa framandi lífverum innan fólkvangsins, þ.m.t. að rækta framandi plöntutegundir innan marka fólkvangsins, sbr. reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000. Fjarlægja skal framandi tegunda plantna og/eða dýra sem hafa verið flutt inn á svæðið eða berast inn á það.

Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annan hátt jarðmyndanir í fólkvanginum.

Fuglaveiðar og eggjataka í fólkvangnum eru óheimilar.

9. gr.

Umferð um fólkvanginn

Almenningi er heimil för um svæðið í lögmætum tilgangi enda sé góðrar umgengni gætt. Fylgja skal merktum stígum og leiðum þar sem þess er kostur.

Innan fólkvangsins er óheimilt að slá upp og gista í tjöldum, tjaldvögnum, fellihýsum, hjólhýsum, húsbílum og öðrum sambærilegum búnaði.

Hundar og önnur gæludýr eru óheimil innan fólkvangsins á varptíma, þess utan skulu þau ávallt vera í taumi og þess gætt að þau valdi ekki truflun fyrir gesti og dýralíf svæðisins.

Beit hesta innan fólkvangsins er heimil í þar til gerðum beitarhólfum. Staðsetningar og afmarkanir beitarhólfa skulu skilgreindar í stjórnunar- og verndaráætlun.

Notkun fjarstýrðra loftfara er óheimil innan fólkvangsins nema að fengnu leyfi frá Umhverfisstofnun. Þó er heimilt að nota fjarstýrð loftför, ef nauðsyn krefur, vegna leitar- og björgunaraðgerða og vegna umsjónar og eftirlits Umhverfisstofnunar. Minjastofnun Íslands hefur sömu heimildir innan friðhelgunarsvæðis menningarminja. Að öðru leiti skal farið eftir reglugerð nr. 990/2017 um starfrækslu farstýrðra loftfara.

Akstur vélknúinna ökutækja utan vega er óheimill sbr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Lending frá sjó er óheimil á varptíma.

Nánar skal fjalla um umferð, þ.m.t. á varptíma, um fólkvanginn í stjórnunar- og verndaráætlun.

10. gr.

Um gengni um fólkvanginn

Óheimilt er að skilja eftir eða urða úrgang innan fólkvangsins og skal allur úrgangur settur í þar til gerð ílát eða hann tekinn með út af svæðinu.

11. gr.

Vernd menningarminja

Um vernd menningarminja fer eftir lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

12. gr.

Landnotkun og mannvirkjagerð

Allar framkvæmdir, þ.m.t. mannvirkjagerð og aðrar breytingar á landi innan fólkvangsins eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013. Framkvæmdir gætu einnig verið leyfisskyddar skv. öðrum lögum s.s. skipulagslögum nr. 123/2010, lögum um mannvirki nr. 160/2010 og lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við samþykkt deiliskipulag og stjórnunar- og verndaráætlun fólkvangsins, en svæðið skal skipulagt til almennrar útivistar.

Vegna starfsemi eða framkvæmda, sem geta haft áhrif á friðlýsta svæðið, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt.

Bæjarstjórn Garðabæjar, að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar og í samræmi við stjórnunar- og verndaráætlun, mun framkvæma nauðsynlegar aðgerðir til að almenningur geti notið hins friðlýsta svæðis, svo sem með lagningu og viðhaldi göngustíga, gerð áningarstaða og uppsetningu fræðsluskilta þar sem því verður við komið.

Losun jarðefna og úrgangs er óheimil í fólkvangnum.

Nánar skal fjallað um landnotkun og mannvirkjagerð í stjórnunar- og verndaráætlun.

13. gr.

Notkun skotvopna

Meðferð skotvopna er óheimil innan fólkvangsins.

Veiðar á ref og mink eru heimilar skv. almennum reglum þar um enda skulu þær stundaðar á vegum Garðabæjar og í samráði við Umhverfisstofnun. Veiðarnar skulu vera í samræmi við lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og stjórnunar- og verndaráætlun fólkvangsins.

Nánar skal fjallað um notkun skotvopna í fólkvanginum í stjórnunar- og verndaráætlun.

14. gr.

Refsiákvæði

Brot gegn friðlýsingu þessari varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum sbr. 90. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

15. gr.

Bráðabirgðaákvæði

Þar til staðfest stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið liggur fyrir er Umhverfisstofnun heimilt að veita leyfi fyrir framkvæmdum ef þær ganga ekki gegn verndarmarkmiðum friðlýsingarinnar.

16. gr.

Gildistaka

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

Staður, dagsetning






Umhverfis- og auðlindaráðherra

Viðauki I – kort og hnitaskrá

Hnitaskrá –

TILLAGA



	Hlið	 Fólkvangur 14.283 m² stækkun		Flatarmál: 41 ha
		 Lóðir 1.735 m² stækkun		Kortavörpun: Lambert keiluvörpun
		 Friðhelgunarsvæði menningarminja		Hnattstæða: ISN93
				Kortagerð: Guðni Hannesson LMÍ
				Dags: 27.01.2020
				© Landmælingar Íslands